

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps hefur ákveðið að setja gjaldskrá til innheimtu kostnaðar vegna byggingarleyfis- og þjónustugjalda byggingarfulltrúa skv. 51. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010. Gjaldskráin tekur til erinda sem koma til afgreiðslu á nefndarfundum skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps, sem eru vegna byggingarleyfa, úttekta byggingarfulltrúa, yfirferðar uppdráttar, útgáfu vottorða, útgáfu stöðuleyfa, skjalagerðar, yfirlesturs gagna og allrar annarrar umsýslu og þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir.

Gjaldi vegna byggingarleyfa og annarra gjalda og vinnu sem vísað er til í gjaldskrá skal varið til að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins við útgáfu byggingarleyfa, úttekta byggingarfulltrúa, yfirferðar uppdráttar, útgáfu vottorða, útgáfu stöðuleyfa o.fl. sem fram kemur í gjaldskrá. Gjaldskráin byggist á þeirri grunnreglu að aðili sem óskar eftir útgáfu byggingarleyfis eða annarri þjónustu byggingarfulltrúa sem honum ber að veita skuli greiða þann kostnað sem þjónustan hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna yfirferðar uppdráttar, úttekta byggingar, útgáfu vottorða og annarra liða í gjaldskrá. Til slíks kostnaðar telst kostnaður vegna vinnu starfsmanna sveitarfélagsins og hvers konar útlagður kostnaður.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari taka breytingum skv. byggingarvísitölu mánaðarlega í samræmi við breytingar byggingarvísitölu (grunnur 2021). Grunnvísitalan í nóvember 2023 er 116,4 stig.

2. gr.

Vegna vinnu eða aðkeyprar þjónustu við útgáfu byggingarleyfis og/eða vegna annarrar þjónustu byggingarfulltrúa eða annarra starfsmanna sveitarfélagsins sem óskað er eftir, skal greiða gjöld, sem gjaldskrá þessi kveður á um, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Fyrir afgreiðslu umsóknar hjá embættinu skal umsækjandi greiða 15.000 kr. Í afgreiðslugjaldi felst kostnaður við móttöku og yfirferð erinda sem lögð eru fram á á fundi skipulags- og byggingarnefndar af skipulagsfulltrúa eða byggingarfulltrúa sveitarfélagsins. Til viðbótar afgreiðslugjaldi koma eftirfarandi gjöld eftir því hvers eðlis málið er:

Byggingarleyfisgjald.	
Rúmmetragjald pr. byggðan m ³ í nýbyggingu, annarri en atvinnu- og gripahúsum, að hámarki 30.000 m ³	155 kr.
Rúmmetragjald pr. byggðan m ³ af atvinnu- og gripahúsum að hámarki 30.000 m ³	77 kr.
Yfirferð séruppdráttar (burðarþols-, lagna- og séruppdráttar aðalhönnuða).	
Einbýlis-, frístunda-, par-, rað- og fjölbýlishús allt að 6 íbúðir	87.000 kr.
Fjölbýlishús 7-19 íbúðir	116.000 kr.
Fjölbýlishús, 20 íbúðir og fleiri	159.500 kr.
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahúsnæði, allt að 1.000 m ² brúttóflötur	130.500 kr.
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahúsnæði, 1.001-4.000 m ² brúttóflötur	145.000 kr.
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahúsnæði, 4.001 m ² brúttóflötur og stærra	174.000 kr.
Annað húsnæði, þ.m.t. allt að 1.000 m ² brúttóflötur	203.000 kr.
Annað húsnæði, þ.m.t. veitingahús og hótél, 1.001 m ² brúttóflötur og stærra	246.500 kr.
Aðrar minni byggingar, s.s. viðbygging, bílgeymsla, anddyri, sólstofur o.fl.	43.500 kr.
Breyting á notkunarflokki húsnæðis	72.500 kr.
Breyting á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis eða sérbýlis, klæðningu húss, svalaskýlis, lóð o.fl.	58.000 kr.

Úttektir.	
Lokaúttekt – einbýlis-, frístunda-, par- og raðhús, á einni hæð	58.000 kr.
Lokaúttekt – einbýlis-, frístunda-, par- og raðhús á tveimur hæðum	72.500 kr.
Lokaúttekt – fjölbýlishús allt að 19 íbúðum	101.500 kr.
Lokaúttekt – fjölbýlishús 20 íbúðir og stærra	130.500 kr.
Lokaúttekt – annað húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahúsnæði, allt að 1.000 m ² brúttóflötur	87.000 kr.
Lokaúttekt – annað húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahúsnæði, 1.001-4.000 m ² brúttóflötur	116.000 kr.
Lokaúttekt – annað húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahús, frá 4.001 m ² brúttófleti og stærra	145.000 kr.
Lokaúttekt – annað húsnæði, þ.m.t. veitingahús og hótél, allt að 1.000 m ² brúttóflötur	217.500 kr.
Lokaúttekt – annað húsnæði, þ.m.t. veitingahús og hótél, frá 1.001 m ² brúttófleti og stærra	290.000 kr.
Lokaúttekt – breyting á notkunarflokki húsnæðis	72.500 kr.
Lokaúttekt – breyting á innra skipulagi sérbýlis og atvinnuhúsnæði	58.000 kr.
Öryggisúttekt	58.000 kr.
Gjald fyrir hvert útkall, ef verkið er ekki úttektarhæft o.fl.	58.000 kr.
Úttekt við lok niðurrifs mannvirkis	29.000 kr.
Stöðuúttekt byggingarfulltrúa	29.000 kr.
Gjöld vegna annarrar þjónustu, svo sem útgáfu stakra vottorða.	
Umsögn vegna rekstrarleyfa með úttekt	58.000 kr.
Flutningsheimild (vegna flutnings á húsnæði innan héraðs eða úr héraði)	14.500 kr.
Niðurrif/afskráning eignar	29.500 kr.
Aukamæling í útsetningu húss	Skv. reikningi
Stöðuúttekt vegna byggingarstjóra-/iðnmeistaraskipta	24.000 kr.
Vinna byggingarfulltrúa (t.d. ef vinna fer fram úr innheimtu leyfisgjaldi)	14.500 kr./klst
Yfirferð teikninga (undanþegin eru önnur gjöld í 2. gr.)	14.500kr./klst.
Gjöld vegna aðkeyptar yfirferðar séruppdráttu (undanþegin eru önnur gjöld í 2. gr.)	Skv. reikningi
Endurnýjun á byggingarleyfi (óbreytt)	14.500 kr.
Yfirferð eignaskiptayfirlýsingar, 2-4 eignir	29.000 kr.
Yfirferð eignaskiptayfirlýsingar, 4 eignir eða fleiri	Skv. reikningi
Stöðuleyfi og auglýsingaskilti.	
Tímabundið stöðuleyfi fyrir gám/-a fyrir hvert landnúmer (að jafnaði veitt til eins árs)	21.750 kr.
Tímabundið stöðuleyfi vegna hjólhýsa, báta, söluvagna o.fl. (að jafnaði veitt til eins árs)	21.750 kr.
Leyfisgjald fyrir auglýsingaskilti á skiltastöð (að jafnaði veitt til eins árs)	21.750 kr.
Leyfisgjald fyrir stök auglýsingaskilti (að jafnaði veitt til eins árs)	21.750 kr.

Innifalin í úttektargjaldi er útgáfa vottorða. Falli byggingarleyfi niður eða sé afturkallað áður en framkvæmdir hefjast, skal endurgreiða gjald vegna úttekta hafi þær ekki farið fram. Jafnframt skal

endurgreiða gjald vegna yfirferðar séruppráttu hafi ekki verið búið að skila inn séruppráttum til yfirferðar byggingarfulltrúa. Byggingarleyfisgjald og afgreiðslugjald endurgreiðist ekki.

Til viðbótar við úttektargjald greiðist tímagjald 14.500 kr./klst. vegna aksturs til og frá úttektarstað auk akstursgjalds sem miðast við 129 kr./km.

3. gr.

Afgreiðslugjald skv. þessari gjaldskrá fellur í gjalddaga við móttöku erindis og skal vera greitt áður en fjallað er um erindi. Byggingarleyfisgjald er innheimt við afgreiðslu á skipulags- og byggingarnefndarfundum. Gjald er tekið fyrir útgáfu vottorðs. Gjöld vegna stöðuúttekta og öryggisúttekta eru ákvörðuð í kjölfar úttektar.

Fjárhæð vegna samnings skv. 4. gr. gjaldskrár þessarar fellur í gjalddaga við undirritun samningsins.

Greiðsla gjalds skv. 2. gr. felur ekki í sér viljrði fyrir eða samþykki um að viðkomandi beiðni sé samþykkt. Sveitarfélagið getur stöðvað umbeðna vinnu af hálfu byggingarfulltrúa sé gjald vegna hennar í vanskilum.

4. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gera samning við umsækjanda sem vikur frá ákvæðum þessarar gjaldskrár, enda miði samningurinn að því að raunverulegur kostnaður vegna vinnu byggingarfulltrúa sé að fullu greiddur. Á það til að mynda við um sérstaklega umfangsmiklar og stórar byggingar þar sem rýna þarf teikningar betur og meira en á við um hefðbundnar byggingar.

Byggingarfulltrúi og umsækjandi gera samning um viðkomandi verkefni sem byggingarfulltrúi skal hafa umsjón með eða vinna. Semja skal um fjárhæð sem endurspeglar kostnað við vinnu byggingarfulltrúa. Samningsfjárhæðin skal vera hámarksgreiðsla umsækjanda, þó að kostnaður reynist meiri en samningur tilgreinir, en ef kostnaður við vinnu byggingarfulltrúa verður minni skal mismunurinn endurgreiddur. Umsækjandi skal greiða umsamda samningsfjárhæð við undirritun samnings.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps 14. desember 2023 og sett með heimild í 51. gr. í laga um mannvirki, nr. 160/2010. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 331/2019.

Eyja- og Miklaholtshreppi, 14. desember 2023.

Sigurbjörg Ottesen oddviti.